

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
B.t. Hildar Njarðvík nefndarritara

Reykjavík, hinn 10. desember 2002

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (414. mál)

Vísað er til tölvuskeytis yðar frá í gær, 9. desember sl., varðandi umsögn um 414. mál, frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða en gefinn var kostur á því að gefa umsögn til kl. 16:00 í dag. Eftirfarandi er umsögn Bandalags háskólamanna (BHM) um þingmálið.

Ekki var auðvelt að afla upplýsinga um hvert tilefni breytingar þessarar er og þar með tilgangur og hugsanleg áhrif og er gagnrýnisvert að þetta skuli ekki auðsætt af lagafrumvarpi sjálfu eða að öðrum kosti af greinargerð með því. Í millitíðinni hefur undirritaður aflað óformlegra upplýsinga um þetta og rétt áður en frestur til þess að skila umsögn barst fengust upplýsingar frá nefndarritara að lögð yrði fram breytingartillaga frá nefndinni þess efnis að breyting þessi skyldi eingöngu ná til lífeyrissjóða sem bankar bæru ábyrgð á.

Í ljósi þessa gerir BHM ekki athugasemd við frumvarpið en bendir á að í tilvikum sem þessum sé nauðsynlegt að gera samkomulag við heildarsamtök launafólks og aðra sem standa að lífeyrissjóðum og tilnefna í stjórnir þeirra – áður en frumvarp er samið og lagt fram, eins og kann að hafa verið gert í þessu tilviki en kemur ekki fram í greinargerð með frumvarpinu. Áréttað skal að engar breytingar á viðmiðun lífeyrisréttinda skulu gerðar – né verða gerðar – án samkomulags við hlutaðeigandi heildarsamtök og þá sem tilnefna í stjórnir lífeyrissjóða; í því efni dugir ekki samkomulag aðila kjarasamninga sem gilda um sjóðfélaga eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar BHM e.u.,



Gísli Tryggvason,
framkvæmdarstjóri BHM.